

Sægreifareyfari

Í vinsælu leikriti Ólafs Hauks Símónarsonar, Hafinu sem sýnt var fyrir fullu húsi mánuðum saman, er tekist á um ástina, aflabrögðin og kynslóðirnar. Þórður, gamall útgerðarjálkur í sjávarþorpi, boðar til sín afkomendur sína sem allir hafa brugðist vonum hans og ætla að tilkynna þeim hvernig hann hyggst verja gróðanum af ævistarfinu. Áður en af því verður deyr hann og við blasir viðurstyggð eyðileggingarinnar: börnin sópa til sín góssinu og hirða hvorki um útgerðina né afkomu byggðalagsins. Í Sægreifi deyr, eftir Árna Bergmann, er svipað þema og margt líkt. Ólafur jöfur, sem svo er kallaður, minnir mjög á Þórð í Hafinu. Hann er af gamla skólanum og hefur brotist til metorða. Fyrir hans tilstilli aðallega hafa Álfheimar, öflugur útgerðarbær úti á landi, vaxið og dafnað. Þegar Ólafur hyggst setjast í helgan stein sér hann fram á að ekkert barna hans er verðugt þess að taka við stjórnartaumunum. Þau hinsvegar bíða eftir því að þessi kaldi og tilfinningalaus maður geispi golumni svo þau geti um frjálst höfuð strokið - og fengið arfinn. Hann boðar þau á sinn fund, öll eru þau fjárþurfi og undir álaginu sýna þau sitt skítlega eðli gagnvart hvert öðru og föður þeirra. En ekki fer allt sem ætlað er.

Í byrjun bókar kynnir leiðsögumaður þennan ímyndaða kaupstað á Íslandi, höfuðborg dreifbýlisins. Hann leiðir lesandann inn í söguna með ákaflega erótískum landslagslýsingum og fylgir honum út úr henni aftur. Öðru hvoru skýtur hann upp kolli að nýju og fjasar t.d. um atgervi og dugnað íbúanna, algerlega ónæmur fyrir aðsteðjandi ógnum. Börn Ólafs eru kynnt hvert í sínu horni þar sem þau sinna sínum hugðarefnum. Björn er skýjaglópur og gróðafíkill af verstu gerð, hver einasta hugsun hans snýst um féþúfurnar í ferðabjónustunni. Sigrún, systir hans, er fráskilin og misskilin fyrrverandi fyllibytta og Gunnar er misheppnað skáld sem haldinn er klisjufælni. Persónusköpunin er trúverðug að mestu leyti en þó eru persónur eins og Rakel, ráðskona Ólafs, og Ársæll, lögfræðingurinn feiti og viðsjárverði, frekar einhliða típur. Rakel, sú eina sem ber biblíunafn, er ekkert nema trúin, gæðin og fórnfýsin og klækjarefnum Ársæli bregður fyrir í reyfurum allra tíma.

Stíllinn er fjörugur og kraftmikill, myndmálið hressilegt og sögumaður er skemmtilega ágengur. Sjónarhornið skiptist ört á milli persóna og bygging sögunnar minnir mjög á reyfara, t.d. uppgjörið í lokin þar sem allar persónurnar eru samankomnar og titill sögunnar verður til. Allmikil þjóðfélagsleg umræða fer fram í sögunni. Haldnar eru andríkar ræður um smáfiskadráp, kvótabrask, fiskvinnslu í landi og úti á sjó, ferðamannahark, fjölskyldutengsl, skáldskap og bókmenntir. Hvort kvótinn sé lögleg eign útgerðarmanna eða þýfi ættu allir að velta fyrir sér, sægreifar jafnt sem landkrabbar. Þessari spurningu er velt upp í sögunni og ádeilan er beinskeytt. Líkt og í Hafinu mætast stálin stinn, gamlar hugsjónir og ný gildi takast á en alltaf er sama gróðasjónarmiðið og eiginhagsmunapotíð að baki. Sægreifi deyr er skemmtileg lesning og ættu menn ekki að láta bókarkápuna fæla sig frá.

Árni Bergmann
Sægreifi deyr
Mál og menning, 1999

Bókmenntir
Steinunn Inga Óttarsdóttir